

Þróunarsjóður leikskóla í Garðabæ

Lokaskýrsla verkefnis 2019-2020

Fugl vikunnar – fuglafræðingar á Bæjarbóli



Ábyrgðarskóli verkefnis: Leikskólinn Bæjarból

Þátttakendur: Börn og starfsfólk á elstu deildinni - Nónholti

Verkefnisstjóri: Gunnhildur Sveinsdóttir deildarstjóri

Ártal úthlutunar: 2019

Skólaár / tímabil : 2019-2020

Skólastig: Leikskólastig

Áherslupættir (hakað við eitt eða fleiri atriði sem við á):

- Fagmennska kennara
- Forvarnir
- Heilbrigði og velferð
- Jafnrétti
- Líðan
- Lýðræði og mannréttindi
- Læsi
- Mat á skólastarfi
- Samskipti og félagsfærni
- Sjálfbærni
- Skóli margbreytileikans
- Sköpun

Námssvið leikskóla (hakað við eitt eða fleiri atriði sem við á):

- Læsi og samskipti
- Heilbrigði og vellíðan
- Sjálfbærni og vísindi
- Sköpun og menning

Vefslóð : heimasíða Bæjarbóls - <http://baejarbol.is/Utgefid-efni/Thronarverkefni->

Markmið /verkefnið í hnotskurn:

Í aðalnámskrá leikskóla er eitt af námssviðum leikskólans sjálfbærni og vísindi. Elstu börnin á Bæjarbóli hafa um nokkurt skeið unnið með verkefnið Fugl vikunnar en markmið þess eru að vinna með náttúrufræðslu í leikskólastarfi, að efla umhverfis og náttúruvitund hjá börnum, læsi og fínhyringar. Markmið þróunarverkefnisins voru að þróa verkefnið áfram, gera það heildstæðara og útbúa markvissara námsefni sem gæti nýst fleirum en kennurum á elstu barna deild.

Í verkefninu er lögð áherslu á að efla þekkingu barna á fuglum í náttúru landsins með markvissum hætti í dagskipulagi elstu barna leikskólans.

Markmið verkefnisins eru að börnin:

- Kynnist helstu fuglategundum í umhverfinu,
- Kynnist séreinkennum fuglanna, útliti, litum, lífsháttum og hljóðum.
- tjái fugla í gegnum teikningar og fjölbreytt, skapandi myndlistarverkefni
- efla orðaorða, stafabekkingu og hljóð í gegnum heiti fugla, sögur, söngva og fræðslu
- kynnist ritun bókstafa, þróa fínhyringar og grip á skriffæri
- læri að bera virðingu fyrir umhverfinu og verða meðvituð um dýralífið allt um kring
- búi til og geti nýtt sína eigin fuglabók

Undirbúningur	Framkvæmd	Eftirfylgni
<ul style="list-style-type: none">•Fuglabækur barnanna undirbúnaar•Ákveðið hvaða fuglategundir verði unnið með yfir veturinn, alls 10 fuglar•Finna vísur, sögur og fleira sem getur tengst inn í verkefnið yfir veturinn•keypt ítarefni, landakort, fuglakort, fuglabingó, sjónauki, víðsjá sem tengist tölvu og lesefni	<ul style="list-style-type: none">•Unnið með einn fugl í einu í tvær vikur á deild elstu barna - einstaklingskennsla og hópkenndla•Lesnar sögur, sungnar vísur sem tengjast fuglum•Tengt inn í starf leikskólans á fjölbreyttan máta, í vettvangsferðir, söngsal, lesmál, markvissa málörvun og frjálsan leik•Tilraunir og rannsóknir með börnum	<ul style="list-style-type: none">•Endurmat starfsmanna•Skráningar á tengingu viðfangsefna í daglegu starfi við verkefnið t.d. gönguferðir, gefa fuglum mat og fleira•Skráning á leikefni/leikfangakosti leikskólans sem nýtist í verkefninu•Útbúið námsefni og ítarefnislisti•Viðhorfskönnun meðal barna og foreldra

Lýsing á framgangi verkefnisins:



Verkefnið hófst haustið 2019. Deildarstjóri undirbjó skipulag fyrir veturinn, hugaði að kennslugögnum og ákvað hvaða fugla ætti að taka fyrir á hvorri önn fyrir sig. Jafnframt var farið yfir mögulegt ítarefni, hvaða bækur væri hægt að nýta, hvaða vísur og söngva og hvernig verkefni gæti tengst inn í þema, útiveru, vettvangsferðir og myndlist.

Útbúinn var kennaravefur yfir verkefnið, hvernig mögulegt væri að samþætta verkefnið námsþáttum leikskólans á fjölbreyttan máta, sjá í viðauka 1. hér að neðan.

Hindranir og frávik frá upphaflegri áætlun:

Settar voru upp 10 kennslustundir. Í hverri stund tekinn fyrir ákv. fugl og farið yfir helstu einkenni hans í útliti og lifnaðarháttum. Nemendur teikna svo fuglinn eftir mynd, skrifa heitið á honum og nafnið sitt eftir forskrift. Hugmyndin var að vinna með ca. 10 börn í hóp. Í ljós kom að hentugra er að vinna með einstaka nemanda hverju sinni heldur en í hópvinnu. Eftir áramótin skall Covid á með þunga og ekki var hægt að sinna verkefninu alveg samkvæmt áætlun. Til að mynda náðist ekki að komast í náttúrufræðistofu Kópavogs að skoða fuglana þar.

Mat á verkefninu

Í lok verkefnis voru búnar til bækur úr verkum nemenda. Nemendur fengu mikla þjálfun í ritun, og bókstafabekkingu. Hugtakakennsla var stór hluti verkefnisins og jók það orðaforða nemenda. Þetta verkefni er mjög skemmtilegt, fallett og auðvelt í framkvæmd. Ýmislegt var tengt inn í verkefnið eins og myndlistarverkefni, mála með fjaðurstaf, tónlistaratriðið Krummalingur og ferðir. Sérstaklega var gaman að foreldri tók þátt með því að lána deildinni uppstoppaðan krumma. Foreldrar voru mjög meðvitaðir um verkefnið, fuglaveggspjald hangir á gangi leikskólans sem börnin virða gjarnan fyrir sér, fuglamyndirnar þeirra hanga í





forstofu og eru sýnilegar foreldrum, ásamt hugtökum sem farið er yfir hverja viku. Þannig geta foreldrar haldið áfram að spjalla um verkefnið heima og tekið þátt í að virkja orðaforða barnanna.



Lokaorð

Verkefnið fugl vikunnar hefur heldur betur fest sig í sessi á leikskólanum Bæjarbóli, það er orðið fastur liður í námsefni fimm ára barna og mun vonandi þróast áfram í starfinu með börnunum og verða að enn heildstæðara námsefni sem fleiri kennarar gætu nýtt sér.

Kynningar á verkefninu

Verkefnið hefur verið kynnt í foreldrasamstarfi, á heimasíðu leikskólans og verður á dagskrá á menntadegi haustið 2021

Heildarupphæð styrks: 400.000 krónur

Sundurliðun á ráðstöfun styrksins:

Dagsetning	Kostnaðarliður	Upphæð
5.3.2020	Laun	205.878
Okt 2019 – maí 2020	Bækur og veggspjöld	9.589
19.4.2020	Myndavél (sími) og lófasmásjá	80.567
1.10.2021	Önnur námsgögn- fuglahús, spil, föndurefni	103.936

Garðabæ 1.10.2021

Gunnhildur Sveinsdóttir
Anna Bjarnadóttir

